

Svar

mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur um kostnað við útgáfu námsgagna.

1. *Hver er árlegur sundurliðaður kostnaður við útgáfu námsgagna á vegum Menntamálastofnunar frá árinu 2015?*

Menntamálastofnun er skipt niður í þrjú svið og eitt þeirra, miðlunarsvið, sér um útgáfu námsgagna. Kostnaður sviðsins án sértekna, vöruhýsingar og dreifingar er aðgengilegur frá og með bókhaldsárinu 2016 og er eftirfarandi:

Ár	Kostnaður millj. kr.
2016	354,9
2017	347,2
2018	338,2
2019	329,6
2020	337,9
2021	345,4
2022	328,7 (áætlun)

2. *Hefur ráðherra látið framkvæma hagkvæmnisathugun vegna útgáfu námsgagna frá árinu 2015?*

Ekki hefur verið framkvæmd hagkvæmnisathugun vegna útgáfu námsgagna frá árinu 2015.